

**Fundargerð 74. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**  
**Fundur haldinn á teams, 8. september 2021, kl. 13:00**

**Dagskrá:**

**1. Skýrsla um samræmda skiptingu stjórnsýslunnar.**

**Mættir:** Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Andri Júlíusson (UTN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Anna Katrín Einarsdóttir (ANR), Árni Freyr Stefánsson (SRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MRN), Bryndís Eiríksdóttir (ANR), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Elísabet Linda Þórðardóttir (DMR), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (UAR), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu), Þórarinn Sólmundarson (MMR), Sigríður Ó. Kristjánsdóttir (landshlutasamtökunum), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina. Að auki sátu fundinn þau Héðinn Unnsteinsson (FOR) og Íris Huld Christersdóttir (FJR).

Boðað var til þessa aukafundar stýrihópsins að ósk FOR og FJR, þeirra Héðins Unnsteinssonar og Írisar Huldar Christersdóttur, en þau hafa undirbúið minnisblað sem áætlað er að leggja fyrir ríkisstjórn 14. september og var minnisblaðið sent stýrihópnum í tölvupósti fyrir fundinn. Starfshópur um samræmda skiptingu stjórnsýslunnar skilaði forsætisráðherra skýrslu um miðjan ágúst – skýrsluna og frétt um hana má finna hér: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/08/18/Skyrsla-um-samraemda-skiptingu-stjornsyslunnar/>

Héðinn Unnsteinsson og Íris Huld Christersdóttir kynntu skýrsluna og minnisblaðið og tvo valkosti.

Næsti fundur verður mánudaginn 2. október 2021.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30